

# Aðalstjórnarfundur UMFT

29. júní 2009.

Mættir: Gunnar Þór, Magnús, Elínborg og Kristjana.

## Dagskrá:

Tækifæri hjá Vinnumálastofnun - starfsmenn

Erindi frá Tískuhúsinu

Græn framtíð - fjáröflunarverkefni

Afreksbraut í íþróttum - svar frá FNV

Önnur mál

1. Vinnumálastofnun er enn að vinna að því að finna starfsmenn í þau verkefni sem Tindastóll hyggst fara af stað með varðandi lagfæringar á heimasíðu og gæðahandbók. Þar sem búið er að láta vita um áhugasama aðila, þá var áður ákveðinni auglýsingu frestað. Sjá fyrri fundargerðir aðalstjórnar.
2. Lagt fram erindi frá Tískuhúsinu um leyfi til að láta útbúa fótboltasokka með merki Tindastóls sem yrðu til sölu í versluninni. Vel tekið í frumkvæðið og leyfið veitt.
3. Erindi frá Grænni framtíð um fjáröflunarverkefni. Fyrirtækið sérhæfir sig í söfnun á notuðum rafmagnstækjum eins og t.d. tölvum og Gsm sínum sem á að henda. Fyrirtækið býður UMFT að taka svona vinnu að sér sem fjáröflunarverkefni. Ákveðið að senda erindið til allra formanna og kanna áhuga þeirra á að taka þessu tilboði.
4. Svar hefur borist frá skólameistara FNV, Jóni Hjartarsyni, varðandi fyrirspurn um starfrækslu afreksbrautar í íþróttum við skólann. Í því kemur fram að skólinn og UMFT þurfi að skipuleggi þessa braut í sameiningu sem fyrst eftir lok skóla að vori þegar skipulag næsta skólaárs er unnið. Að lokum þarf svo að skoða hvernig fjárhagsramminn gengur upp í kringum málefni.
5. Engin önnur mál tekin fyrir á þessum fundi.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.